

**L Ö G**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðirnar  
Háls og Kambshjáleigu í Búlandshreppi.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Búlandshreppi jarðirnar Háls og Kambshjáleigu í Búlandshreppi í Suður-Múlasýslu.

Verð jarðanna fer eftir samkomulagi, ef það næst. Náist ekki samkomulag um kaupverð, skal það ákveðið að mati dómkvaddra manna.

Búlandshreppi er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði jarðirnar eða hluta af þeim eða hlunnindi, sem þeim fylgja.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 13. marz 1972.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 54 27. apríl 1967, um Jarðeignasjóð.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Aftan við 4. tölulið 1. gr. bætist 5. töluliður, svo hljóðandi:

Jörð, sem eigandi hefur ekki tök á að sitja lengur vegna áhvilandi skulda, enda sé tryggt, að jörðin byggist samkvæmt lögum nr. 102 21. desember 1962, um ættaróðul og erfðaábyúð.

## 2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Við ákvörðun kaupverðs skv. 1. gr. skal af hálfu kaupanda höfð hliðsjón af gangverði hliðstæðra jarða, sé þess kostur, og fjármunum þeim, sem eigandi hefur lagt í jörðina.

Náist ekki samkomulag um kaupverð, er hvorum aðila um sig heimilt að óska mats á jörðinni, skv. ákvæðum 8. gr.

## 3. gr.

Við 6. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ábúendur jarða, sem selt hafa Jarðeignasjóði jarðir sínar, skv. 5. tölulið 1. gr., skulu jafnan eiga þess kost að kaupa þær aftur fyrir það verð, er um semst. Náist ekki samkomulag um verð milli Jarðeignasjóðs og kaupanda, er hvorum aðila um sig heimilt að óska mats nefndar þeirrar, sem starfar samkvæmt 8. gr.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 13. marz 1972.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*

22. janúar 1972.

Nr. 12.

**AUGLÝSING**

**um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.**

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Í forsætisráðuneytinu, 22. janúar 1972.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Guðmundur Benediktsson.*

25. janúar 1972.

Nr. 13.

**AUGLÝSING**

**um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, kom í dag úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Í forsætisráðuneytinu, 25. janúar 1972.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Guðmundur Benediktsson.*